

Fjármálaráðuneytið
5/5/1997.

Alþingi
Erindi nr. P 121/2040
komudagur 6.5. '97

Breytingatillögur við einstök ákvæði frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Breyting á 2. gr. 2. mgr.

Ákvæðið orðast svo:

Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlægum, kjarasamningum stéttarfélaganna og atvinnurekenda eða ráðningarsamningum *ef aðildin er ekki ákveðin í sérlægum eða kjarasamningum.*

2. Breyting á 5. gr. 1. mgr. 1. málsl.

Ákvæðinu verði skipt í 2 másl.

Skyldutrygging skal að lágmarki nema 10 % af iðgjaldastofni. Nú er iðgjaldið hærra en 10% og getur það þá skiptst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald.

3. Breyting á 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

- a. Í stað tilvísunarinnar "8. gr." í 1. mgr. kemur: "3. mgr."
- b. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
Eftirtaldir aðilar hafa heimild til móttöku iðgjalda með samningi um lífeyrissparnað samkvæmt lögum þessum:
 1. Viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa starfstöð hér á landi, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
 2. Líftryggingafélög sem hafa starfstöð hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994, um váttrygginga-starfsemi.
 3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti og hafa starfstöð hér á landi.
 4. Lífeyrissjóðir enda uppfylli þeir skilyrði 8. gr. laga þessara.

4. Breyting á 8. gr.

Greinin orðist svo:

Lífeyrissjóður sem móttækur iðgjald með samningi um lífeyrissparnað skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hann skal tryggja fjárhagslegan aðskilnað á milli þess hluta rekstrar sjóðsins sem lýtur að samtryggingu skv. III. kafla og þess hluta rekstrar sem lýtur að samningum um lífeyrissparnað. Þess skal gætt að rekstur lífeyrissjóðs sem lýtur að lífeyrissparnaði sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem lýtur að samtryggingu samkvæmt III. kafla.
2. Hann skal ráðstafa iðgjaldi sem ekki er lægri upphæð en kr. 12.000 á mánuði til samtryggingar samkvæmt III. kafla. Það sem er umfram upphæð ákveðna skv. 1. másl. skal ráðstafa í samræmi við ákvörðun viðkomandi sjóðfélaga til samtryggingar skv. III. kafla eða til lífeyrissparnaðar skv. þessum kafla.

Upphæð sú sem tilgreind er í 2. tölul. 1. mgr. er miðuð við janúar 1997 og skal 1. janúar á hverju ári taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 177,8 stigum.

Iðgjaldi til lífeyrissparnaðar skv. 2. tölul. 1. mgr. skal ráðstafa í samræmi við samning skv. 9. gr. Kjósi sjóðfélagi annan samningsaðila en viðkomandi lífeyrissjóð ber sjóðnum að ráðstafa iðgjaldinu til þess aðila án kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

5. Breyting á 9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greininni:

a. Í stað tilvísunar í "8. gr." í 6. másl. komi tilvísun í "7. gr."

b. Ný málsgrein bætist við svohljóðandi:

Á sama hátt og öðrum aðilum, sem sem tilgreindir eru í 1.- 3. tölul. 3. mgr. 7. gr., er lífeyrissjóði, sem uppfyllir skilyrði 8. gr., heimilt að taka einungis við iðgjaldi með samningi um lífeyrissparnað. Sjóðurinn skal þó áður fá staðfesta aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem lágmarksiðgjald rennur til og að iðgjald hafi verið innt af hendi sem ekki er lægri upphæð en ákveðin er skv. 2. tl. 1. mgr. 8. gr.

6. Breyting á 10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. 1. másl. orðast svo: Viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir, sem óska eftir að bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað í samræmi við ákvæði laga þessara, skulu fyrir fram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um sparnaðinn gilda séu í samræmi við ákvæði laga þessara.

b. Við bætist nýr másl. sem verður 3. másl. Núverandi 3. másl. verður 4. másl.

Hinn nýi másl. orðast svo: Taka skal afstöðu til reglna um lífeyrissparnað og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi barst ráðherra.

7. Breyting á 11. gr.

a. 2. mgr. Í stað "15 árum" kemur "10 árum" og í stað "75 ára" kemur "70 ára".

b. 3. mgr. Í stað "15 árum" kemur "10 árum".

c. 4. mgr. 4. másl. Í stað "15 árum" kemur "10 árum" og í stað "75 ára" kemur "70 ára".

8. Heiti III. kafla verði: Samtryggingaréttindi í lífeyrissjóðum.

9. Breyting á 13. gr. 1. mgr.

Í stað 3. másl. koma tveir nýir málslíðir sem orðast svo:

Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda, en hún getur ýmist verið háð eða óháð aldri sjóðfélaga. Réttindaávinnsla vegna viðbótariðgjalds getur jafnframt verið önnur en réttindaávinnsla vegna lágmarksiðgjalds.

10. Breyting á 1. mgr. 20. gr.

Ákvæðið orðist svo:

Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánnum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

11. Breyting á 2. mgr. 21. gr.

Við bætist "í samræmi við tryggingafræðilega athugun." Nánar skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð.

12. Breyting á 24. gr.

a. 1. mgr. Orðin "Eigi sjaldnar en þriðja hvert ár" falla brott og í stað þess kemur orðið "Árlega".

b. 3. mgr. Orðin "eða framreikaða niðurstöðu slíkrar athugunar sem miðuð er við áramótin á undan" falla brott.

13. Breyting á 29. gr. 2. mgr. 5. tölul.

Í stað orðanna "taka sæti" kemur "vera fulltrúi".

14. Breyting á 2. mgr. 30. gr.

Orðið "skriflega" falla brott.

15. Breyting á 35. gr.

1. mgr. 5. tölul.

Í stað orðsins "tekjum" kemur orðið "ráðstöfunarfé".

16. Breyting á 36. gr.

Í stað orðsins "bankaeftirlitið" í 2. másl. 2. mgr. kemur: "*bankaeftirlit Seðlabanka Íslands.*"

17. Breyting á 37. gr.

Orðin í 2. másl. 2. mgr. "jafnskjótt og það er talið hagkvæmt" falla brott og eftir stendur: *Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna.*

18. Breyting á 39. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á greininni.

a. Við 1. mgr. bætist nýr másl. sem verður 2. másl. og breytist röð annarra másl. samkvæmt því. Hinn nýi másl. orðast svo:

"Hrein eign til greiðslu lífeyris skal við þessa athugun endurmetin vegna núvirðingar."

b. Á eftir 3. mgr. 39. gr. kemur ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

"Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegri athugun á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins sbr. 24. gr."

19. Breyting á 45. gr.

Orðið "bankastjórn" í upphafsmásl. greinarinnar fellur brott.

20. Breyting á 51. gr.

Í stað orðsins "ríkisbanki" í greininni kemur orðið "banki."

21. 55. gr.

Greinin fellur brott.

22. Breyting á 56. gr.

Í stað orðsins "ríkisbanki" í 1. másl. 1. mgr. kemur orðið "banki".

Í stað orðsins "grundvelli" í 1. másl. 1. mgr. kemur orðið "réttindagrundvelli".